

Svör Höfuðborgarlistans við spurningalista Íþróttabandalags Reykjavíkur:

1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?

Höfuðborgarlistinn ætlar að leggja mikla áherslu á íþróttir inni á leikskólum, grunnskólum, gagnfræðiskólum og efla íþróttaiðkun í borginni. Við vitum að hreyfing skiptir okkur öll máli, félagsleg færni og keppnisandi er okkur að skapi. Munum við beita okkur að fullum krafti í þágu íþróttar í Reykjavík.

Við viljum auka samskipti skóla og íþróttahreyfingar við viljum sjá að börn fái hreyfingu inn í skólum á hverjum degi og fari í sturtu á eftir. Þar að auki munum við taka á næringu matar og hollustu tafarlaust í mötuneytum skólanna. Við viljum vera með sérstaka áætlun inni skólum, leita afreksfólki á sviði íþróttar og taka það inn sérstaka vöktun á sviði allra keppnisíþróttar. Tryggja að öll börn hafi kost á að stunda íþróttir.

2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágretta-sveitarfélögum?

Höfuðborgarlistinn vill auka fjárframlög til afreksíþróttar og finnst okkur valdhafar hafa algjört metnaðarleysi þegar kemur að afreksíþróttafólki í þessu landi og á það bæði við ríki og borg. Afreksíþróttafólk eru fyrirmyndir komandi kynslóða, við munum leggja okkar að mörkum.

3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvangar, uppbyggingu þeirra og reksturs?

Við viljum byggja yfirbyggðan þjóðarleikvang tafarlaust sem er þjóðhagslega hagkvæmt og mun nýtast öllum helstu íþróttagreinum landsins. Mun það gera okkur samkeppnisfærari við aðrar þjóðir og auka veg okkar og virðingu. Uppbygging ætti að fara fram eins fljótt og auðið er. Rekstur á að vera í höndum ríkis og sveitarfélaga.

4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?

Við hjá Höfuðborgarlistanum sjáum fyrir okkar litla umhverfisvæna bíla sem keyra með börn og unglunga á æfingar innan hverfanna það er umhverfisvænt og hvetur til ástundunar í íþróttum.